



**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 80. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 5. nóvember 2013  
og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurjón Bjarnason Formaður, Bjarni Vigfússon Nefndarmaður, Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Svanur Tómasson Embættismaður og Sturla Fjeldsted Varamaður.

**Fundargerð ritaði:** Smári Björnsson, Byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

- 1. 1310001 - Vestan Arnarbrautar\_Umsókn um lóð. Sverrir Hermann Pálmarsson sækir um lóð fyrir hönd SHP ráðgjafar ehf undir verslun og þjónustu.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar tekur jákvætt í erindið en óskar eftir ítarlegri gögnum um fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu. Hvernig starfsemi fyrirhugað er að vera með á lóðinni og hvernig húsnaði lóðarumsækjandi ætlað sér að reisa á lóðinni áður en lóð verði úthlutað.

- 2. 1310005 - Mávahlíð og Kötluholt\_erindi frá Sturlu Böðvarssyni vegna staðfestingu Skipulagsnefndar Snæfellsbæjar á því að ekki séu kvaðir eða aðrar samþykktir sem koma í veg fyrir deiliskipulag vegna sumarhúsabyggðar á jörðunum.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar tekur jákvætt í erindið enda eru ekki sérstaklegar kvaðir á jörðinni sem koma í veg fyrir fyrirhuguð áform í gildandi aðalskipulagi Snæfellsbæjar. Frístundarbyggð á jörðinni kallar hinsvegar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar, þar sem breytt landnotkun fyrir fyrirhugaðar frístundarbyggðar verði skilgreind. Málinu er því vísað á heildarendurskoðun á aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

- 3. 1310002 - Fróðá\_breyting á aðalskipulagi vegna efnistöku í landi Fróðár. Guðjón Steinsson óskar eftir því að gerð sé breyting á aðalskipulagi og í framhaldi veitt framkvæmdaleyfi fyrir efnistökunni eftir að vinnsluáætlun og umsögnum hefur verið skilað inn.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar tekur jákvætt í erindið en þar sem nú er í undirbúningi vinna við heildarendurskoðun á aðalskipulagi Snæfellsbæjar, beinir nefndin erindi þessu til heildarendurskoðun á aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Í gögnum frá umsækjanda er getið um að svæðið sé ekki á náttúruverndarskrá eða öðrum verndarsvæðum hið rétta er að svæðið nr. 223 er á náttúruminjaskrá.

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

4. 1309010 - Langatún\_erindi vegna lýsingar deiliskipulags. F.h. félags niðja Finnborga G. Lárussonar óskar eftir að fjallað verði um lýsingu á nýju deiliskipulagi fyrir hús að Langatúni.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar frestar erindinu meðan aflað er frekari gagna frá Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun um málið. Engin frekari gögn hafa borist um málið.

5. 1311002 - Svalþúfa\_ósk um nýtt deiliskipulag. Umhverfisstofnun óskar eftir nýju deiliskipulagi fyrir Svalþúfu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar frestar erindinu og óskar eftir ítarlegri gögnum um deiliskipulagið í samræmi við áður sendar ábendingar.

6. 1311001 - Skálasnagaviti\_ósk um nýtt deiliskipulag.

Umhverfisstofnun óskar eftir nýju deiliskipulagi fyrir Skálasnagavita.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar frestar erindinu og óskar eftir ítarlegri gögnum um deiliskipulagið í samræmi við áður sendar ábendingar.

7. 1310004 - Krossavík\_leyfi fyrir upplýsingaskilti um Krossavíkurhöfnina.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.

8. 1310003 - Kólumbusarbryggja\_útgáfa byggingarleyfis fyrir niðurrifi.

Sigurður Ingi Halldórsson óskar eftir að undirbúin verði útgáfa byggingaleyfis samkvæmt 2. gr. samkomulagsins og drög að yfirlýsingi/kaupsamningi um sölu lóðarinnar samkvæmt 4. gr. samkomulagsins.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar frestar erindinu, vegna ekki liggur fyrir formlegur kaupsamningur.

9. 1310006 - Sölvaslóð\_dagsektir á byggingaframkvæmdir.

Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar leggur fyrir nefndina hvort dagsektir verði lagðar á Sölvaslóð 1 varðandi byggingaframkvæmda á sumarhúsi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar frestar fyrirhuguðum dagsektar áformum þar sem fyrir fundin bárust nýjar teikningar sem skoða þarf betur og sjá hvort þær séu í anda þeirra athugasemda sem sendar hafa verið á lóðarhafa.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .

Björn Þ. Björnssen

Bjarni Vigfusson

Jón Ólafsson  
Ólafur Ólafsson  
Sveinn Þorsteinsson